

Ársskýrsla stjórnar CCU samtakanna - Starfsárið 2025

Óvenju margir stjórnarfundir voru þetta árið, eða alls 12 og mikil samskipti á messenger vegna útgáfu afmælisblaðs og fyrirhugaðs málþings í tilefni 30 ára afmælis CCU. Um áramót voru 697 félagar í samtökunum, 860 í lokaða umræðuhópnum og ca.2000 fylgdu okkur á fésbókinni. Ungliðahópurinn er því miður enn óvirkur.

30. janúar 2025. Fyrri formannafundur ÖBÍ í Sigtúninu og aðalefni fundarins var erindi Ingu Sæland um áherslur og stefnu félags- og húsnæðismálaráðherra í þeim málum.

13. febrúar 2025. Aðalfundur í sal Vistor og einnig "live" í umræðuhópnum. Allir starfandi gáfu kost á sér áfram og voru endurkjörnir. Edda Svavarsdóttir formaður, Elísabet Sverrisdóttir varaformaður, Hulda Björg Þórðardóttir gjaldkeri, Sóley Veturliðadóttir ritari og María Olsen meðstjórnandi. Varamenn: Hrefna B. Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, skoðunarmenn reikninga Emil B. Hallgrímsson og Hrönn Petersen. Umsjónarmaður vefsíðu er Svavar Kjarrval og félagsgjöld voru ákveðin óbreytt kr. 2.000. Fundurinn var stuttur og fámennur og boðið var upp á veitingar að honum loknum.

20. mars 2025. Fræðslufundur í sal Vistor. Andri kælimeistari var með fyrirlestur um áhrif kælingar á líkamann og tók meðal annars viðstadda í öndunaræfingar.

3.-19. maí 2025. Vitundarvakningarátakið hófst 3. maí á Glerártorgi á Akureyri þar sem við gáfum 300 fjólubláa poka eins og í fyrra og Margrét Lindquist tók þátt í viðburðinum með stjórninni. Þann 16 maí vorum við á Ísafirði í sömu erindagjörðum og þar aðstoðaði dóttir Sóleyjar, Margrét Inga Gylfadóttir að gefa 150 poka. Eins og áður vorum við líka með vakningu á Fésbókinni frá 3. til 19. maí.

31. maí 2025. Aðalfundur EFCCA var haldinn í Brussel og mætti Edda á fundinn.

23. ágúst 2025. Fjórir hlauparar tóku þátt í Reykjavíkumaraþoninu fyrir CCU og söfnuðu alls 199.167- kr. Þeir tóku þátt í skemmtiskokki, 10 km, hálfmaraþoni og maraþoni. Bestu þakkir fyrir stuðninginn kæru hlauparar !

9. september 2025. Seinni formannafundur ÖBÍ. Aðalefni fundarins var fyrirlestur Unnar Ástu Bergsteinsdóttur lögmanns um EKKO; viðbrögð stjórnenda við einelti og áreitni á vinnustað.

12.-14. september 2025. Norðurlandafundur í Kaupmannahöfn. Hulda og Elísabet mættu á fundinn.

3.-4. október 2025. Aðalfundur ÖBÍ á Grand hótél Natura Reykjavík. Elísabet, Hulda og Sigurborg sátu fundinn. Edda var fjarverandi en bauð sig fram til áframhaldandi setu í kjörnefnd og var kjörin.

3.-4. október 2025. Fjórði vinnufundur ECCO í Berlín með þátttöku sjúklinga. Edda mætti á fundinn eins og þá þrjá fyrri.

23. október 2025. Afmælimálþing CCU á Nauthól. Fyrirlesarar voru Ásgeir Theodórs meltingarsérfræðingur, Anna Soffía Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, Anna Lind Traustadóttir næringarfræðingur og Anna Classen sjúklingur. Sviðslistakonan Unnur Elísabet, ásamt Einari undirleikara, sá um að skemmta gestum og höndlaði veislustjórnina alveg frábærlega, sérstaklega þegar ekki náðist að halda netsambandinu við Ásgeir, en hann var staddur á Spáni.

17. september var afmælisblaðið sett í póst til félagsmanna. Vinnan við blaðið hófst haustið 2024 og var fyrsta áætlun að gefa það út í maí 2025, en það gekk ekki eftir. Olga Björt Þórðardóttir blaðamaður skrifaði flestar greinarnar, Þorsteinn Kristinsson sá um umbrot og Litlaprent prentaði.

Stjórn CCU.